

E 9/2022

**Fyrirspyrjandi** Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði  
**Viðtakandi** Ríkisstjórnir Norðurlanda

Til Ríkisstjórnir Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn um norrænt samstarf á sviði netöryggismála**

Netöryggismál eru meira aðkallandi nú en nokkru sinni fyrr. Yfirstandandi stríð í Úkraínu hefur einnig á margan hátt bein áhrif á Norðurlöndin. Netárásir geta stefnt grunnstoðum samfélagsins í hættu og einnig í vægari tilvikum hamlað félagsstarfi og daglegu lífi fólks á margan hátt. Netógnir tengjast einnig upplýsingaáróðri og raunverulegri hættu á afskiptum utanaðkomandi aðila af lýðræðislegum ferlum og kosningum.

Norrænt samstarf hefur um margra ára skeið miðað að sameiginlegum viðbúnaði. Í stefnu sinni um samfélagsöryggi (2019) kallar Norðurlandaráð eftir aðgerðum til að efla norrænt samstarf á sviði netöryggismála, þar með talinni miðlun upplýsinga og auknu samstarfi á sviði netvarna milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Norðurlandaráð lítur á netöryggismál sem samþættan hluta samfélagsöryggis. NORDEFECO er góður vettvangur til þróunar netvarna og miðlun ástandsvitundar á norrænum vettvangi kæmi að góðum notum, eins og getið er í skýrslu Björns Bjarnasonar (2020).

Finnland fer með formennsku í Norðurlandaráði á þessu ári. Áætlun formenskulandsins kallar eftir stefnu á sviði netöryggismála á Norðurlöndum.



Af ofangreindum ástæðum beinir landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda:

- Í hvaða atvinnugreinum hafa norrænu ríkin með sér samstarf um netöryggismál og hvernig er því samstarfi háttað? Hvaða samstarf yfir landamæri er fyrirhugað milli stjórnvalda og stofnana í norrænu ríkjum í framtíðinni?

Helsingfors, 17. júní 2022

*Anders Adlercreutz (sv)*

*Anders Eriksson (ÁF)*

*Camilla Gunell (ÅSD)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Heidi Viljanen (sd)*

*Heli Järvinen (gröna)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Lulu Ranne (saf)*

*Kim Berg (sd)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)*

*Riikka Purra (saf)*

*Sebastian Tynkkynen (saf)*

*Veronika Honkasalo (vinstri)*

*Vilhelm Junnila (saf)*

*Ville Kaunisto (saml)*

*Wille Rydman (saml)*